

Skrifstofa umhverfis og orku
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Norðurland vestra, 18. september 2025

Efni: Umsögn um áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum, mál nr. S-160/2025.

Stjórn SSNV styður markmið um einföldun, samræmingu og aukna skilvirkni í opinberu eftirliti. Við leggjum hins vegar ríka áherslu á að heilbrigðiseftirlitin starfi áfram á svæðisbundnum grunni með skýra nærþjónustu og staðþekkingu, en undir samræmdri yfirstjórn ríkisstofnana, samræmdum verklagsreglum og sameiginlegum stafrænum lausnum. Með slíku fyrirkomulagi má ná fram þeim úrbótum sem stjórnvöld stefna að án þess að það komi niður á þjónustu í dreifðum byggðum á Norðurlandi vestra.

Frumvarpsáformin gera ráð fyrir að lögbundin verkefni heilbrigðiseftirlita falli niður og flytjist að fullu til Umhverfis- og Orkustofnunar og Matvælastofnunar. Aftur á móti yrði hluti lögbundins eftirlits, sem áætla má að nemi um 30%, skilinn eftir hjá heilbrigðiseftirlitinu en flest þau verkefni eru almenn þjónustuverkefni sem skila litlum sem engum tekjum inn í reksturinn sem þýðir að rekstur heilbrigðiseftirlitsins yrði eftir breytingar ennþá kostnaðarsamari fyrir sveitarfélögin en hann er í dag.. Stjórn SSNV telur að núverandi fyrirkomulag, þ.e.a.s. svæðisbundin framkvæmd með ákveðinni ríkissamræmingu milli núverandi heilbrigðiseftirlita og stofnanna á vegum ríkisins eins og Matvælastofnunnar og Umhverfis- og Orkustofnunar, væri vænlegast til árgangur og myndi laga þá vankanta sem eru á núverandi kerfi.

Ábendingar ESA og fyrri greiningar (m.a. KPMG) undirstrika þörf á skýrari ábyrgð, samræmdum ferlum og sameiginlegum gagnalausnum. Þessu þarf að bregðast við markvisst og hratt.

Hvers vegna skiptir svæðisbundin framkvæmd máli fyrir Norðurland vestra?

Staðþekking og nálægð: Langar vegalengdir, árstíðasveiflur (sláturtíð, fiskvinnsla) og smærri einingar kalla á sveigjanlega staðbundna þjónustu og afgreiðslu mála á réttum tíma.

Viðbragð og traust: Trygg og áreiðanleg nærvera í eftirliti byggir upp traust, styður forvarnir og stytir leið í úrlausnum mála.

Lýðheilsa og umhverfi: Vöktun vatnsbóla, fráveitna og mengunaratburða krefjast reglulegrar staðbundinnar þekkingu og viðveru.

Með því að taka stærstan hluta (70%), þeirra tekjuberandi verkefna sem heilbrigðiseftirlitið hefur í dag og færa þau til ríkisins eru verulegar líkur á að þjónustan við fyrirtæki og fólk á svæðinu muni versna og verða kostnaðarsamari vegna lengri vegalengda frá úttektaraðilum.

SSNV styður markmið um einföldun, samræmingu og stafræna uppbyggingu og hvetur til að ráðist verði strax í sameiginlega stafræna þjónustugátt, samræmda gæðahandbók, þjálfun og skýra verkaskiptingu með boðvaldi ríkisstofnana sem byggist þá á lögum og reglum sem Alþingi setur en ljóst er að í mörgum tilfellum er hlutverkaskipting milli stofnana óljós.. Sú leið skilar betri þjónustu við almenning og fyrirtæki á Norðurlandi vestra, dregur úr óvissu, bætir gæði og nýtir staðþekkingu um leið og hún uppfyllir alþjóðlegar kröfur um samræmi og yfirsýn.

Stjórn SSNV tekur heilshugar undir þær athugasemdir sem Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi hafa gefið um fyrirhugaðar breytingar og skorar á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að draga umrædd áform til baka en leiða þess í stað vinnu ríkis og sveitarfélaga í að laga núverandi kerfi og tryggja öfluga og góða nærþjónustu í öllum landshlutum.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra


Sveinbjörg Rut Pétursdóttir,
Framkvæmdastjóri